

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 27. janúar 2012 í máli nr. X-82/2011:

Reynir Ásgeirsson

(Ólafur Örn Svansson hrl.)

gegn

Kaupþingi hf.

(Ragna Björk Ragnarsdóttir hdl)

Mál þetta var þingfest 11. maí 2011 og tekið til úrskurðar 5. janúar sl.

Sóknaraðili er Reynir Ásgeirsson, Rjúpnasölum 14, Kópavogi.

Varnaraðili er Kaupþing hf., Borgartúni 26, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær að krafa hans nr. 20100102-0831 samkvæmt kröfuskra verði, við slit varnaraðila, viðurkennd að fjárhæð 1.557.102 krónur og njóti rétt hæðar sem almenn krafa á grundvelli 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Einnig krefst sóknaraðili þess að krafa hans um dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 22. apríl 2009 til greiðsludags, verði viðurkennd og njóti rétt hæðar sem eftirstæð krafa á grundvelli 114. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila auk virðisaukaskatts.

Dómkröfur varnaraðila eru þær að kröfu sóknaraðila, að fjárhæð 1.557.102 krónur, verði hafnað og að staðfest verði ákvörðun varnaraðila um að hafna kröfu sóknaraðila. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila auk virðisaukaskatts.

I

Aðilar máls þessa gerðu með sér samning um eignastýringu 14. júní 2005. Dagana 7. og 8. október 2008 átti sóknaraðili fjögur símtöl við viðskiptastjóra í einkabankaþjónustu varnaraðila. Eitt símtal fór fram að morgni 7. október og hófst kl. 9:16 en hin símtölin fóru fram 8. október og hófust kl. 14:36, 15:03 og 15:18. Tilefni samtalanna mun meðal annars hafa verið áhyggjur sóknaraðila vegna fjármuna sem hann átti og voru í vörslu varnaraðila. Hinn 7. október 2008 átti

sóknaraðili meðal annars innstæðu á gjaldeyrisreikningum í Bandaríkjadöllum, samtals 52.705,08 Bandaríkjadali.

Í símtalinu sem fram fór 7. október 2008, tók starfsmaður varnaraðila fram að hann vissi ekki hvert nákvæmt verð Bandaríkjadals væri, en síðar í símtalinu sagðist hann þó telja að það væri á bilinu 90-100. Í símtali daginn eftir, sem hófst kl. 14:36, sagði starfsmaðurinn að ekki væri ljóst hvað fengist fyrir Bandaríkjadali á þeim tímapunkti og hann yrði að hringja í gjaldeyrisborð bankans til þess að fá upplýsingar um nákvæmt gengi. Þá tók hann fram að gríðarlegt flökt væri á genginu. Í símtali sem hófst kl. 15:03 sama dag, tjáði starfsmaðurinn sóknaraðila, að ekki væri ljóst hversu mikið sóknaraðili fengi fyrir Bandaríkjadollara á reikningi sínum, þar sem gengið flökti svo mikið, en hann gæti komist að því. Í símtali sem hófst skömmu síðar, kl. 15:18, kom meðal annars fram hjá starfsmanninum að hann gæti selt dollara fyrir sóknaraðila. Sóknaraðili spurði þá um gengið á honum og svaraði starfsmaðurinn því til að hann þyrfti að athuga það. Skömmu síðar fullyrkti starfsmaðurinn að sóknaraðili ætti um 6,5 milljónir króna í Bandaríkjadöllum. Sóknaraðili innti starfsmanninn eftir því við hvaða gengi það væri miðað. Starfsmaðurinn bað þá sóknaraðila að bíða, og eftir örstutta þögn gaf starfsmaðurinn upp gengið um 120. Ekki kom hins vegar fram hjá starfsmanninum hvernig hann hefði athugað gengið. Sóknaraðili bað þá starfsmanninn um að selja dollarana. Einnig kom fram sú fyrirætlan sóknaraðila að selja aðrar eignir fyrir 9,5 milljónir króna. Sóknaraðili spurði hvað starfsmaðurinn myndi leggja mikið inn á reikning hans í heild. Starfsmaðurinn svaraði því til að það væru um 16 milljónir. Undir lok samtalsins staðfesti starfsmaðurinn aftur aðspurður að þetta væru um 16 milljónir.

Eftir að síðasta samtalinu lauk, nokkru síðar sama dag, voru lagðar inn á reikning sóknaraðila samtals 14.347.440 krónur í tveimur færslum. Fyrri færslan var að fjárhæð 9,5 milljónir króna og hin síðari 4.847.440 krónur. Síðari fjárhæðin var andvirði hinna seldu Bandaríkjadala, en fyrir liggur að varnaraðili seldi 52.000 Bandaríkjadali af innstæðu sóknaraðila.

Hinn 9. október 2008 tók Fjármálaeftirlitið yfir vald hluthafafundar varnaraðila og vék stjórn hans í heild sinni frá störfum og skipaði honum skilanefnd í samræmi við ákvæði 100. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008. Varnaraðila var veitt heimild til greiðslustöðvunar 24. nóvember 2008 og var skipuð slitastjórn 25. maí 2009 samkvæmt 4. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 44/2009 og 4. tölulið ákvæðis II til bráðabirgða við þau lög. Upphafsdagur slitameðferðar var 22. apríl 2009. Varnaraðili gaf út innköllun til skuldheimtumanna sem birtist í fyrri sinni í Lögbirtingablaði 30. júní 2009 og rann kröfulýsingarfrestur út 30. desember 2009.

Hinn 12. maí 2009 lagði sóknaraðili fram kvörtun til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Nefndin kvað upp úrskurð í málinu 12. júlí 2010 og féllst á að sóknaraðili hefði orðið fyrir tjóni sem varnaraðili bæri ábyrgð á. Næmi tjón sóknaraðila 1.392.560 krónum sem varnaraðili skyldi greiða honum. Með bréfi, dagsettu 12. ágúst 2010, lýsti varnaraðili því yfir að hann sætti sig ekki við úrskurðinn og viðurkenndi ekki bótarétt.

Sóknaraðili lýsti kröfu við slit varnaraðila 29. desember 2009 að fjárhæð 1.557.102 krónur og sundurliðast krafan þannig að höfuðstóll er 1.392.560 krónur,

dráttarvextir eru 26.401 króna og innheimtuþóknun að teknu tilliti til virðisaukaskatts er 138.141 króna. Kröfunni var lýst sem almennri kröfu samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Með bréfi, dagsettu 9. september 2010, hafnaði slitastjórn varnaraðila kröfunni með vísan til þess að ekki yrði ráðið að um bótaskyld atvik væri að ræða. Þeirri afstöðu slitastjórnar var mótmælt af hálfu sóknaraðila á kröfuhafafundi 21. september 2010. Haldinn var fundur vegna ágreinings um kröfuna 24. febrúar 2011 en ekki tókst að jafna ágreining aðila. Með bréfi 11. mars 2011, mótteknu 14. sama mánaðar, var ágreiningi aðila vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur til úrlausnar, sbr. 120. og 171. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

II

Sóknaraðili kveðst vísa til þess að samkvæmt verðbréfayfirliti, dagsettu 7. október 2008, hafi sóknaraðili átt samtals 52.705,08 Bandaríkjadali. Miðað við gengi 120 hafi sóknaraðili átt 6.324.610 krónur sem hefði réttilega átt að vera sú fjárhæð sem lögð yrði inn á reikning hans. Hins vegar liggi fyrir að varnaraðili hafi keypt af sóknaraðila 52.000 dollara og greitt fyrir þá 4.487.440 krónur, sem þýði að gengi þeirra við sölu hafi verið 93,22.

Varnaraðili haldi því fram að sóknaraðili hafi ekki getað búist við því að þær upplýsingar, sem hann hafi fengið frá viðskiptastjóra sínum um gengi Bandaríkjadals gagnvart krónu, væru tilboð varnaraðila um kaup umræddra dollara. Sóknaraðili hafni þessu og telji að hafa verið í huga að tilgangur samtala sóknaraðila við starfsmann varnaraðila hafi verið að komast að raun um hvort hægt væri að selja Bandaríkjadali og þá fyrir hve háa upphæð.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi gert honum tilboð um tiltekið verð á gjaldeyrinum sem hann hafi samþykkt. Þar með hafi komist á bindandi samningur milli aðila. Einnig verði að gera þá kröfu að banki beri það undir viðskiptavinum sína hvort þeir séu tilbúnir til að selja bankanum gjaldeyri á mun lægra gengi en áður hefði verið samið um. Sóknaraðili telji því að varnaraðili hafi brotið meginreglu samningaréttarins um skuldbindingargildi samninga þegar hann hafi einhliða ákveðið að selja gjaldeyrinn á 23% lægra verði en um hafi verið samið. Munnlegir samningar séu jafngildir skriflegum samningum. Þá sé algilt í samningum við fjármálastofnanir að samningar séu gerðir í gegnum síma, enda gert ráð fyrir því í skilmálum fjármálastofnana, þ.m.t. varnaraðila. Í almennum skilmálum varnaraðila um verðbréfavíðskipti hafi komið fram að símtöl viðskiptavinar við starfsmenn varnaraðila kynnu að vera hljóðrituð, án þess að sérstaklega væri tilkynnt fyrir fram um slíkt í hvert sinn. Með undirritun sinni á skilmálana hafi viðskiptavinur samþykkt að slíkar hljóðritanir mætti leggja fram í dómsmáli og/eða nota sem sönnunargagn í öðrum tilvikum ef upp kæmi ágreiningur um hvað aðilum að skilmálunum hefði farið á milli, s.s. um forsendur og/eða framkvæmd viðskipta. Sóknaraðili telji ljóst að munnlegum samningum um viðskipti við varnaraðila sé ætlað að hafa sömu þýðingu og skriflegum samningum. Þá sé hljóðupptökunum ætlað að vera til sönnunar um efni samninga aðila.

Með vísan til þessa eigi sóknaraðili kröfu á varnaraðila að fjárhæð 1.392.560 krónur auk vaxta og áfallins kostnaðar, samtals 1.557.102 krónur. Krafan

byggist á því að varnaraðila beri að efna samning aðila um gjaldeyriskaup eftir aðalefni sínu. Til vara sé á því byggt að sóknaraðili eigi kröfu á hendur varnaraðila á grundvelli reglna um bætur innan samninga, þar sem varnaraðili hafi brotið gegn samningi aðila um sölu og kaup á gjaldeyri.

Fallist dómurinn ekki á að komist hafi á bindandi samningur milli aðila um kaup og sölu gjaldeyris byggi sóknaraðili á því að varnaraðili sé bótaskyldur á grundvelli reglna skaðabótaréttar um skaðabætur utan samninga, þ.m.t. reglu íslensks réttar um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna. Sóknaraðili vísi til þess að starfsmaður varnaraðila hafi veitt honum rangar upplýsingar er hann hafi ákveðið að selja þá dollara er hann hafi átt hjá bankanum. Sóknaraðila hafi verið tjáð að gengi Bandaríkjadals væri 123 krónur á þeim tímapunkti er hann hafi tekið ákvörðun um að selja dollarana. Í því sambandi beri að hafa í huga að starfsmaður varnaraðila hafi tekið það sérstaklega fram við sóknaraðila að hann þyrfti að kynna sér hvert væri gengi gjaldmiðilsins. Sóknaraðili hafi því mátt treysta því að um réttar upplýsingar væri að ræða.

Sóknaraðili hafni þeirri mótbáru varnaraðila að mikið flökt hafi verið á gjaldmiðlinum og að hann hafi ekki mátt eiga von á að eign hans í dollurum yrði seld miðað við gengi 120. Varnaraðili hafi notið yfirburðarstöðu gagnvart sóknaraðila, sem sé símsmiður að mennt og hafi lengst af starfað sem bóndi. Innan skaðabótaréttar hafi verið litið svo á að á fjármálastofnunum hvíli sérfræðiábyrgð, en í því felist að ríkari kröfur séu gerðar til þeirra sérfræðinga, sem veiti ráðgjöf eða þjónustu innan síns fagsviðs, um að þeir viðhafi vandaðri vinnubrögð og sýni fyllstu aðgæslu. Sóknaraðili telji að varnaraðili hafi vanrækt skyldur sínar, og þar með sýnt af sér saknæma háttsemi, í ljósi þeirra röngu upplýsinga sem varnaraðili hafi gefið um gengi Bandaríkjadals, þegar sóknaraðili hafi ætlað að selja honum dali. Varnaraðili beri því ábyrgð á því tjóni sem sóknaraðili hafi orðið fyrir við söluna, sem nemi 1.392.560 krónum, auk vaxta og áfallins kostnaðar.

Sóknaraðili vísi til þess að það sé grundvallarstoð viðskipta, og þá sér í lagi við fjármálastofnanir, að traust ríki milli samningsaðila. Miklu máli skipti að þeir sem starfi við slíkar stofnanir starfi í samræmi við heilbrigða viðskiptahætti og veiti viðskiptavinum greinargóðar upplýsingar. Sóknaraðili hafi treyst og mátt treysta því að þær upplýsingar sem honum hafi verið gefnar væru réttar. Hafi starfsmenn varnaraðila ekki brugðist nægilega hratt við beiðni sóknaraðila um sölu Bandaríkjadals verði þeir að bera hallann af slíkum vinnubrögðum og/eða að hafa ekki borið undir hann hvort hann vildi halda sig við sölu dollaranna þrátt fyrir að kaupgengið væri verulega lægra. Enn fremur verði að horfa til þess að miðgengi Bandaríkjadals 8. október 2008, samkvæmt Seðlabanka Íslands, hafi verið 126,8 en gengið hafi aldrei farið niður fyrir 100 á tímabilinu 1. október 2008 til 31. desember sama ár. Sé því með ólíkindum ef varnaraðili hafi náð að eiga viðskipti á genginu 93,22.

Sóknaraðili byggi einnig á því að varnaraðili hafi farið í bága við heimild sína eða fyrirmæli þegar gjaldeyrir sóknaraðila hafi verið seldur á öðru gengi en um hafi verið rætt og án þess að varnaraðili aflaði heimildar eða umboðs til að selja og/eða kaupa gjaldeyrinn á því gengi sem hann hafi gert, sem hafi verið langt undir umsömdu gengi. Með því að fara út fyrir takmörk heimildar sinnar hafi varnaraðili bakað sér bótaskyldu gagnvart sóknaraðila sem leiði af almennum bótareglum kröfuréttarins og reglum skaðabótaréttar.

Sóknaraðili hafi skotið ágreiningi aðila til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki með kvörtun 12. maí 2009. Nefndin hafi komist að niðurstöðu 12. júlí 2010 og talið að varnaraðili væri bótaskyldur gagnvart sóknaraðila.

Sóknaraðili sundurgreini kröfu sína þannig að höfuðstóll sé að fjárhæð 1.392.560 krónur, dráttarvextir til 22. apríl 2009 séu að fjárhæð 26.401 króna og innheimtuþóknun að meðtöldum virðisaukaskatti sé að fjárhæð 138.141 króna, samtals 1.557.102 krónur.

Sóknaraðili krefjist þess að krafa hans verði viðurkennd að fjárhæð 1.557.102 krónur og njóti rétt hæðar sem almenn krafa á grundvelli 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Þá krefjist sóknaraðili þess jafnframt að krafa um dráttarvexti, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 22. apríl 2009 til greiðsludags, verði viðurkennd sem eftirstæð krafa á grundvelli 114. gr. laga nr. 21/1991.

Sóknaraðili vísi til meginreglna samninga- og kröfuréttar, meðal annars um efndir fjárskuldbindinga og gildi loforða, sem fá meðal annars stoð í lögum nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga, lögum nr. 48/2003 um neytendakaup og lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Þá vísi sóknaraðili til laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og til laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., einkum 113. gr. þeirra laga. Þá sé vísað til óskráðra reglna kröfuréttar um skaðabætur innan samninga og reglna skaðabótaréttar um skaðabætur utan samninga, þ.m.t. reglu íslensks réttar um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna. Vaxtakröfur sóknaraðila byggist á 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Krafa um málskostnað styðjist við ákvæði XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

III

Varnaraðili kveðst í fyrsta lagi byggja á því að ekki hafi komist á bindandi samningur um kaup hans á Bandaríkjadölum af sóknaraðila, þar sem þær upplýsingar sem sóknaraðili hafi fengið frá varnaraðila hafi ekki verið tilboð. Af símtölum sóknaraðila við starfsmann varnaraðila sé ljóst að sóknaraðili hafi ekki getað búist við því að þær upplýsingar sem hann hafi fengið frá varnaraðila um gengi Bandaríkjadals gagnvart íslensku krónunni, væri tilboð varnaraðila um kaup umræddra dala. Sóknaraðila hafi ítrekað verið tjáð að miklar og hraðar breytingar væru á gengi Bandaríkjadals. Sóknaraðili hafi því verið grandsamur um að hann gæti aldrei réttilega átt von á því að eign hans í Bandaríkjadölum væri miðuð við gengið 120. Eðli máls samkvæmt hafi það sama átt við þegar sóknaraðili hafi óskað eftir kaupum á hinum umræddu Bandaríkjadölum. Í síðasta símtalinu hafi sóknaraðili tekið sjálfstæða og upplýsta ákvörðun um að selja Bandaríkjadali í sinni eigu, þrátt fyrir vitneskju um að áætlun starfsmanns varnaraðila um að gengið gæti verið um 120, væri ekki byggð á upplýsingum frá gjaldeyrisborði varnaraðila. Í símtölum milli sóknaraðila og varnaraðila hafi margsinnis komið fram að ekki væri hægt að gefa sóknaraðila nákvæmar upplýsingar um gengið á Bandaríkjadal án þess að afla sér fyrst slíkra upplýsinga frá gjaldeyrisborði. Sóknaraðili hafi því mátt vita með hvaða hætti viðskipti með gjaldmiðla færu fram og geti því ekki borið fyrir sig

að hann hafi í góðri trú getað talið að á hafi komist samningur milli hans og varnaraðila um ákveðið fast sölugengi.

Varnaraðili vísi til þess að gríðarlegar sviptingar hafi verið á fjármálamörkuðum þá daga sem símtölin hafi átt sér stað, þ. á m. á gjaldeyrismörkuðum. Hinn 8. október 2008 hafi gengi Bandaríkjadals sveiflast gagnvart íslensku krónunni um rúmlega 50% innan dagsins. Af þeim sökum hafi varnaraðili ekki með nokkrum hætti getað sagt til um hvert væri söluverð Bandaríkjadals á tilteknum tímapunkti, eins og ítrekað hafi komið fram í símtölum milli sóknaraðila og varnaraðila. Enn síður hafi sóknaraðili getað gengið út frá því að starfsmaður varnaraðila gæti samið við sóknaraðila um kaup á tilteknu föstu verði. Sóknaraðili hafi ákveðið að selja eign sína í Bandaríkjadöllum í því skyni að hagnast á falli krónunnar, meðvitaður um þá áhættu sem í viðskiptunum hafi falist vegna þess gríðarlega óstöðugleika sem hafi verið á íslenskum gjaldeyrismarkaði á þessum tíma. Sóknaraðili geti ekki sótt bætur úr hendi varnaraðila á þeim grundvelli að hagnaður hans af umræddum gjaldeyrisviðskiptum hafi orðið minni en hann hafði gert sér vonir um.

Varnaraðili telji að gengisskráning Seðlabanka Íslands hafi enga þýðingu, enda sé hún aðeins vísbending um hvernig gjaldeyrismarkaðurinn hafi staðið á ákveðnum tímapunkti innan dagsins. Gengi Bandaríkjadals, eins og það sé skráð hjá Seðlabanka Íslands, 8. október 2008, sé gengið á gjaldmiðlinum eins og það hafi verið þann dag um kl. 11:00. Gengið geti sveiflast innan dagsins.

Varnaraðili byggi í öðru lagi á því að skilyrði almennu sakareglunnar séu ekki uppfyllt. Ákvörðun um að selja Bandaríkjadali hafi alfarið verið í höndum sóknaraðila sjálfs. Hann hafi átt frumkvæðið að þeirri ákvörðun og hún ekki verið byggð á ráðgjöf starfsmanns varnaraðila. Því sé mótmælt að varnaraðili hafi veitt sóknaraðila rangar upplýsingar. Þá megi ljóst vera að starfsmaður varnaraðila geti ekki ábyrgst þróun á gengi gjaldmiðla.

Í eignastýringarsamningi milli sóknaraðila og varnaraðila sé kveðið á um áhættu af verðbréfavíðskiptum. Þá sé ljóst að gjaldeyriskaupum fylgi almennt nokkur áhætta. Kaupandi gjaldeyris geti þannig almennt ekki gengið út frá því að ekki verði tap á slíkri fjárfestingu og því síður að hún skili hagnaði. Sóknaraðila hafi því átt að vera ljóst að gjaldeyrisviðskipti séu þess eðlis að þau geti haft tap í för með sér jafnt sem ávinning.

Í þriðja lagi byggi varnaraðili á því að úrskurður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki hafi ekki fordæmisgildi í þessu máli. Samkvæmt 11. og 12. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki séu úrskurðir nefndarinnar ekki bindandi. Þá sé nefndin ekki starfrækt á grundvelli laga, heldur sé um að ræða nefnd sem tilteknir aðilar hafi sett á fót með samningi sín á milli og greiði þeir kostnað af störfum hennar. Þá megi draga niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar í efa, en fyrir liggja að nefndin hafi ekki haft hljóðupptökur í fullri lengd og því ljóst að nefndin hafi gefið sér ákveðnar forsendur í niðurstöðu sinni.

Varnaraðili byggi á því að ef sóknaraðili eigi kröfu á hendur honum, geti fjárhæð hennar ekki numið hærri fjárhæð en 1.392.560 krónum. Varnaraðili mótmæli sérstaklega heimfærslu kröfu sóknaraðila um dráttarvexti til 22. apríl

2009, að fjárhæð 26.401 krónur, undir 113. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Ekki sé hægt að fallast á að krafan beri vexti fyrr en með úrskurði dómara eða í fyrsta lagi með kröfulýsingu sóknaraðila. Í báðum tilfellum ætti að flokka kröfu um vexti sem eftirstæða kröfu samkvæmt 114. gr. laga nr. 21/1991. Þá sé hafnað heimfærslu á kröfu sóknaraðila um innheimtuþóknun undir 113. gr. laga nr. 21/1991, enda teljist innheimtuþóknun eftirstæð krafa samkvæmt 114. gr. sömu laga. Sóknaraðili hafi lýst kröfu um dráttarvexti frá 22. apríl 2009 til greiðsludags sem eftirstæðri kröfu samkvæmt 114. gr. laga nr. 21/1991. Varnaraðili taki ekki afstöðu til eftirstæðra krafna í samræmi við 119. gr. sömu laga.

Varnaraðili vísi til laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Málið sé flutt á grundvelli XXIV. kafla laga nr. 21/1991, sbr. 171. gr. sömu laga. Krafan um málskostnað styðjist við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt byggist á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

IV

Ágreiningsefni aðila þessa máls á rætur að rekja til sölu varnaraðila 8. október 2008 á Bandaríkjadollurum í eigu sóknaraðila sem voru geymdir á gjaldeyrisreikningum í vörslu varnaraðila. Fyrir liggur að sóknaraðili var í sambandi við viðskiptastjóra hjá einkabankþjónustu varnaraðila símleidis dagana 7. og 8. október 2008. Eitt símtal fór fram að morgni 7. október og hófst kl. 9:16 en hin símtölin fóru fram 8. október og hófust kl. 14:36, 15:03 og 15:18. Í símtölunum var meðal annars rætt um gengi Bandaríkjadollars gagnvart íslenskri krónu. Í síðasta símtalinu óskaði sóknaraðili eftir því að Bandaríkjadollarar í hans eigu yrðu seldir. Fyrir liggur að eftir lok síðasta símtalsins seldi starfsmaður varnaraðila 52.000 dollara fyrir 4.847.440 krónur, sem þýðir að hver dollari var seldur fyrir 93,22 krónur.

Sóknaraðili byggir á því í fyrsta lagi að varnaraðili hafi gert honum tilboð um tiltekið verð á gjaldeyrinum sem hann hafi samþykkt. Bindandi samningur hafi því komist á milli sóknaraðila og varnaraðila um að selja Bandaríkjadollarana á genginu 120. Hefðu dollararnir verið seldir á því verði hefði fengist fyrir þá 6.240.000 krónur. Höfuðstóll kröfu sóknaraðila er upp á mismun þeirrar fjárhæðar og þeirrar sem hann fékk greidda, eða 1.392.560 krónur (6.240.000 – 4.847.440).

Samskipti sóknaraðila og starfsmanns varnaraðila eru rakin hér að framan. Þar kemur fram að starfsmaður varnaraðila geti selt Bandaríkjadollara í eigu sóknaraðila og að miðað við gengið 120 væru dollararnir að verðmæti um 6,5 milljónir króna. Sóknaraðili bað, að þessum upplýsingum fengnum, starfsmanninn um að selja dollarana. Af samskiptum þessum verður ráðið að starfsmaðurinn hafi veitt sóknaraðila upplýsingar. Ekki kemur fram berum orðum að starfsmaðurinn geri sóknaraðila tilboð og verða orð hans að mati dómsins ekki túlkuð á þann veg. Verður því að hafna þeirri málsástæðu sóknaraðila að munnlegur, bindandi samningur hafi stofnast milli aðila þessa máls um að selja Bandaríkjadollara í eigu sóknaraðila á genginu 120.

Sóknaraðili byggir á því til vara að varnaraðili sé bótaskyldur á grundvelli reglna skaðabótaréttar um skaðabætur utan samninga, þ.m.t. reglu íslensks réttar um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna, enda hafi starfsmaður varnaraðila veitt honum rangar upplýsingar um gengi Bandaríkjadollars gagnvart íslensku krónunni.

Síðasta símtal sóknaraðila og starfsmanns varnaraðila hófst kl. 15:18. Eins og fyrr er lýst sagði starfsmaðurinn sóknaraðila í símtalinu að hann þyrfti að athuga gengi Bandaríkjadollars. Skömmu síðar fullyrti starfsmaðurinn að sóknaraðili ætti um 6,5 milljónir króna í Bandaríkjadollurum. Sóknaraðili innti starfsmanninn eftir því við hvaða gengi það væri miðað. Starfsmaðurinn bað þá sóknaraðila að bíða, og eftir örstutta þögn gaf starfsmaðurinn upp gengið um 120.

Meðal gagna málsins er yfirlit yfir þróun gengis Bandaríkjadollars 8. október 2008. Þar kemur fram að kl. 14:50 var kaupgengi Bandaríkjadollars 93,22 krónur, en sölugengi 96,91 króna. Kl. 16:26 er kaupgengið 93,08 krónur og sölugengi 96,76 krónur. Samkvæmt þessu er ljóst að starfsmaður varnaraðila gaf sóknaraðila rangar upplýsingar um gengið. Því er áður lýst að starfsmaðurinn fullyrti að innstæða sóknaraðila væri um 6,5 milljóna króna virði. Sóknaraðili spurði starfsmanninn sérstaklega við hvaða gengi það væri miðað og af viðbrögðum starfsmannsins við því verður ekki annað ráðið en hann hefði kannað það. Sóknaraðili mátti því vera í góðri trú um að upplýsingar starfsmannsins væru réttar.

Starfsmaður varnaraðila gerði engan fyrirvara við þær upplýsingar sem hann veitti og staðfesti raunar aftur undir lok samtals síns við sóknaraðila fyrir hvaða fjárhæð hann myndi selja gjaldeyrinn. Þá leitaði hann ekki samþykkis sóknaraðila fyrir sölu gjaldeyrisins á mun lægra gengi en um var rætt eða kannaði hvert svigrúm hann hefði vegna viðskiptanna. Þessa háttsemi starfsmannsins verður að meta til gáleysis, enda verður að gera ríkar kröfur til starfsmanna fjármálaþyrirtækja um að upplýsingar sem þeir gefi viðskiptavinum séu eftir þeirra bestu vitund réttar. Á þessu ber varnaraðili ábyrgð á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttar um vinnuveitendaábyrgð.

Ekki er tölulegur ágreiningur milli aðila um höfuðstól kröfu sóknaraðila eða um skipan hennar í kröfuröð að öðru leyti en því að varnaraðili mótmælir kröfu um vexti og málskostnað. Í ljósi framangreindrar niðurstöðu um bótaskyldu varnaraðila verður ekki talið að sóknaraðili eigi rétt á dráttarvöxtum fyrr en að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001. Verður við það að miða við kröfulýsingu sóknaraðila, dags. 23. desember 2009. Samkvæmt 1. tölulið 114. gr. gjaldþrotaskiptalaga eru kröfur um vexti, verðbætur, gengismun og kostnað af innheimtu kröfu samkvæmt 112. eða 113. gr., sem hafa fallið til eftir að úrskurður gekk um að búið sé tekið til gjaldþrotaskipta, eftirstæðar kröfur. Dráttarvaxtakrafa sóknaraðila fellur því í þann flokk.

Sóknaraðili krefst þess að krafa hans um áfallinn kostnað að fjárhæð 138.141 króna verði viðurkennd sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt 1. tölulið 114. gr. laganna telst krafa um kostnað af innheimtu kröfu samkvæmt 112. eða 113. gr., sem hefur fallið til eftir að úrskurður gekk um

að búið sé tekið til gjaldþrotaskipta, eftirstæð krafa. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um það hvenær þessi kostnaður féll til. Með hliðsjón af því þykir sóknaraðili ekki hafa sýnt fram á það með haldbærum gögnum að til þessa kostnaðar hafi verið stofnað með þeim hætti að hann geti átt kröfu samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 vegna hans. Verður þessum hluta kröfu sóknaraðila því hafnað.

Að framangreindu virtu verður krafa sóknaraðila, að fjárhæð 1.392.560 krónur, á hendur varnaraðila viðurkennd sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 við slitameðferð varnaraðila og dráttarvextir vegna hennar frá 23. janúar 2010 sem eftirstæð krafa samkvæmt 114. gr. laganna.

Eftir þessum úrslitum verður varnaraðila gert að greiða sóknaraðila málskostnað sem þykir eftir atvikum og með hliðsjón af umfangi málsins vera hæfilega ákveðinn 550.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Barbara Björnsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp þennan úrskurð.

ÚRSKURÐARORÐ:

Krafa sóknaraðila, Reynis Ásgeirssonar, að fjárhæð 1.392.560 krónur, er viðurkennd sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 við slitameðferð varnaraðila, Kauppings hf.

Dráttarvextir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 1.392.560 krónum frá 23. janúar 2010 til greiðsludags eru viðurkenndir sem eftirstæð krafa samkvæmt 114. gr. laga nr. 21/1991.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 550.000 krónur í málskostnað.